

SAMÞYKKT

um stjórn sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar.

I. KAFLI

Um skipan bæjarstjórnar, sjálfstjórn hennar og verkefni sveitarfélagsins.

1. gr.

Skipan bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn sveitarfélagsins er skipuð sjö fulltrúum, sem kjörnir eru lýðræðislegri kosningu af íbúum sveitarfélagsins samkvæmt kosningalögum.

2. gr.

Sjálfstætt stjórnvald.

Sveitarfélagið er sjálfstætt stjórnvald, sem er stjórnað af lýðræðislega kjörinni bæjarstjórn í umboði íbúa sveitarfélagsins.

3. gr.

Verkefni sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið annast þau verkefni sem því eru falin í lögum, sbr. leiðbeinandi auglýsingu frá ráðuneyti sveitarstjórnarmála. Sveitarfélagið vinnur að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma.

Sveitarfélaginu er heimilt að taka að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þess, enda sé það ekki falið öðrum að lögum.

II KAFLI

Um bæjarstjórn.

4. gr.

Hlutverk bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn fer með stjórn sveitarfélagsins samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, annarra laga og samþykkt þessari.

Bæjarstjórn hefur ákvörðunarvald um nýtingu tekjustofna, lántökur og ráðstöfun eigna og um framkvæmd verkefna sveitarfélagsins.

5. gr.

Verkefni bæjarstjórnar.

Meðal verkefna bæjarstjórnar er að:

1. sjá um að lögbundnar skyldur séu ræktar og hafa eftirlit með því að fylgt sé viðeigandi reglum í störfum sveitarfélagsins,
2. kjósa forseta og varaforseta bæjarstjórnar, sbr. 13. gr. sveitarstjórnarlaga, bæjarráð og aðrar nefndir, ráð og stjórnir skv. V. kafla sveitarstjórnarlaga, að ráða löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrtæki sem annast skal endurskoðun hjá sveitarfélaginu, sbr. VII. kafla sveitarstjórnarlaga,
3. setja bæjarstjórn siðareglur, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga,
4. ákveða stjórnskipan sveitarfélagsins, ráða bæjarstjóra, sbr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga og aðra starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður sveitarfélagsins, sbr. 56. gr. laganna,
5. móta stefnu fyrir starfsemi sveitarfélagsins, deilda og stofnana, setja starfsemi sveitarfélagsins reglur, setja samþykktir og gjaldskrár, eftir því sem lög mæla fyrir um og þörf krefur,
6. fara með fjárfstjórnarvald sveitarfélagsins, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga og gera fjárhags-áætlanir, sbr. 62. gr. sömu laga,
7. bera ábyrgð á fjármálum sveitarfélagsins, stofnana þess og fyrirtækja, sbr. 77. gr. sveitarstjórnarlaga og VIII. kafla samþykktar þessarar og taka ákvarðanir um verulegar skuldbindingar sveitarfélagsins til lengri tíma,

8. samþykkja og hafa eftirlit með gerð og framkvæmd samstarfsverkefna og þjónustusamninga, sbr. IX. kafla sveitarstjórnarlaga,
9. að veita íbúum sveitarfélagsins og þeim sem njóta þjónustu þess upplýsingar um málefni sem snerta hagi þeirra og um samstarf sem sveitarfélagið hefur við önnur sveitarfélög, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga,
10. setja sveitarfélaginu málstefnu skv. 130. gr. sveitarstjórnarlaga,
11. móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú ár á eftir um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum sveitarfélagsins, sbr. 130. gr. a. sveitarstjórnarlaga,
12. staðfesta erindisbréf fyrir nefndir, ráð og stjórnir þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk og starfshætti þeirra í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir bæjarstjórnar.

6. gr.

Ný bæjarstjórn tekur til starfa.

Nýkjörin bæjarstjórn tekur við störfum 15 dögum eftir kjördag. Jafnlengi heldur fráfarandi bæjarstjórn umboði sínu, með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum um kosningar til bæjarstjórna. Nýkjörin bæjarstjórn hefur einungis umboð til töku ákvarðana um málefni bæjarstjórnarinnar eða sveitarfélagsins eftir að hún tekur við störfum.

Sá fulltrúi í nýkjörinni bæjarstjórn sem á að baki lengsta setu í bæjarstjórn boðar til fyrsta fundar ekki síðar en 15 dögum eftir að hún tekur við störfum eftir kosningar. Hann stýrir fundi þar til forseti bæjarstjórnar hefur verið kjörinn. Hafi tveir eða fleiri fulltrúar setið jafnlengi í bæjarstjórn fer aldursforseti þeirra með verkefni samkvæmt þessari málsgrein.

Fyrsta fund skal boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara.

7. gr.

Kjör forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar.

Á fyrsta fundi kýs bæjarstjórn forseta bæjarstjórnar og fyrsta og annan varaforseta bæjarstjórnar. Skulu þeir kjörnir til eins árs í senn. Njóti forseti eða varaforseti ekki lengur stuðnings bæjarstjórnar skal kjósa í þau embætti að nýju. Hið sama á við ef forseti bæjarstjórnar eða varaforseti bæjarstjórnar forfallast varanlega eða fær lausn frá starfi. Tilkynna skal kosningu forseta bæjarstjórnar og varaforseta bæjarstjórnar til ráðuneytis sveitarstjórnarmála þegar að því loknu.

Sá telst rétt kjörinn forseti bæjarstjórnar sem fær atkvæði meiri hluta þeirra sem sæti eiga í bæjarstjórn. Verði þeim atkvæðafjöldi ekki náð skal kjósa að nýju. Við aðra umferð telst sá rétt kjörinn sem fær meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa sem sitja fundinn eða ef viðkomandi er sá eini sem fær atkvæði. Fáist ekki niðurstaða við aðra umferð skal kosið þriðja sinni en þá á milli þeirra tveggja sem flest atkvæði fengu við aðra umferð. Ef nauðsynlegt reynist skal varpa hlutkesti um það milli hverra tveggja verður kosið. Verður þá sá rétt kjörinn sem fleiri atkvæði fær. Verði atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

Þegar að lokinni kosningu forseta bæjarstjórnar skal kjósa tvo varaforseta bæjarstjórnar. Kosning tveggja varaforseta bæjarstjórnar fer fram með sama hætti og forseta bæjarstjórnar.

Tilkynna skal kosningu forseta og varaforseta til ráðuneytis sveitarstjórnarmála.

III. KAFLI

Fundir bæjarstjórnar og fundarsköp.

8. gr.

Fundir bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn heldur almennt reglulega fundi sína í Ráðhúsinu í Stykkishólmi, á fimmtudögum, kl. 17.00.

Ef sérstakar aðstæður eru uppi í samfélaginu sem gera bæjarstjórnarmönnum ekki kleift að hittast, er heimilt að halda bæjarstjórnarfundi með rafrænum hætti þannig að allir bæjarstjórnarmenn taki þátt með rafrænum hætti.

Aukafundi skal halda þegar forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjóri telur það nauðsynlegt eða ef þriðjungur bæjarstjórnarmanna óskar þess.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulegan fund sinn, enda sé tillaga um slíkt samþykkt mótatkvæðalaust á næsta fundi bæjarstjórnar á undan.

Bæjarstjórn er heimilt að fella niður reglulega fundi bæjarstjórnar vegna sumarleyfis.

9. gr.

Boðun bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri boðar til fundar bæjarstjórnar. Fundarboð skal berast bæjarstjórnarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Aukafund skal boða ekki síðar en tveimur virkum dögum eftir að ósk þar um barst bæjarstjóra. Fundarboð vegna aukafundar skal berast bæjarstjórnarmönnum svo fljótt sem auðið er og ekki síðar en sólarhring fyrir fund.

Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem eru nauðsynleg til að bæjarstjórnarmenn geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem þar eru tilgreind.

Fundarboð og gögn má senda með rafrænum hætti.

10. gr.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar.

Bæjarstjóri semur dagskrá bæjarstjórnarfundar í samráði við forseta bæjarstjórnar og skal dagskráin fylgja fundarboði.

Á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal taka:

1. Lögákveðnar kosningar s.s. kosningar forseta bæjarstjórnar, kosningar nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarstjórnar, svo og ráðningu bæjarstjóra og helstu stjórnenda sveitarfélagsins og endurskoðenda þess.
2. Fundargerðir bæjarráðs, nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins.
3. Önnur mál sem falla undir verksvið bæjarstjórnar og bæjarstjóri eða forseti bæjarstjórnar ákveða að taka á dagskrá eða einhver bæjarstjórnarmaður óskar að tekin verði á dagskrá, s.s. fyrirspurnir um tiltekin mál sem gert er ráð fyrir að svarað verði á vettvangi bæjarstjórnar.

Bæjarstjórnarmaður sem óskar að fá mál tekið á dagskrá bæjarstjórnarfundar skal tilkynna það bæjarstjóra skriflega, eða með rafrænum hætti fyrir kl. 15 á mánudegi fyrir fund til þess að unnt sé að taka það á dagskrá.

Nefnd sem vill vísa máli til bæjarstjórnar skal hafa skilað samþykkt um það í frágenginni fundargerð fyrir kl. 14 á föstudegi fyrir bæjarstjórnarfund.

Dagskrá bæjarstjórnarfundar skulu fylgja afrit fundargerða nefnda, tillagna og annarra gagna sem forseti bæjarstjórnar og bæjarstjóri telja nauðsynleg. Dagskrá má senda með rafrænum hætti.

11. gr.

Tilkynning til íbúa um fundi bæjarstjórnar.

Íbúum sveitarfélagsins skal kynnt með auglýsingu á vefsíðu sveitarfélagsins um fyrirhugaða fundi bæjarstjórnar ásamt dagskrá, innan sömu tímafresta og við á um bæjarstjórnarmenn, enda standi reglur um þagnarskyldu því ekki í vegi.

12. gr.

Opnir fundir bæjarstjórnar.

Fundir bæjarstjórnar eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum þegar það telst nauðsynlegt vegna eðlis máls. Forseti bæjarstjórnar eða bæjarstjórn getur jafnframt ákveðið að ræða fyrir luktum dyrum tillögu um lokun fundar.

Þrátt fyrir að fundi sé lokað er heimilt að ákveða að tilteknir starfsmenn sveitarfélagsins séu viðstaddir.

Heimilt er að taka upp og senda út frá fundum bæjarstjórnar sem eru opnir. Slíkar upptökur skulu varðveittar á skrifstofu sveitarfélagsins og vera aðgengilegar á vefsíðu þess innan tveggja sólarhringa.

13. gr.

Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Bæjarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur bæjarstjórnarmanna sé viðstaddur á fundi.

Á bæjarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

14. gr.

Fjarfundabúnaður.

Bæjarstjórnarmanni er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum bæjarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélagsins, en bæjarstjórnarmenn skulu þó að jafnaði mæta á fundarstað, nema brýnar ástæður mæli með því að slíkur búnaður sé notaður, sbr. 2. mgr. 8. gr. samþykktar þessarar. Þegar bæjarstjórnarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í sveitarfélaginu eða í erindagjörðum innan lands á vegum sveitarfélagsins. Að öðrum kosti skal varamaður boðaður á viðkomandi fund. Tryggja skal jafna möguleika allra fundarmanna til þátttöku á fundi og í atkvæðagreiðslu, óskerta möguleika þeirra til að fylgjast með því sem þar fer fram og öryggi samskipta milli fundarmanna.

Fulltrúar í nefndum sveitarfélagsins hafa sömu heimildir og bæjarstjórnarmenn skv. 1. mgr.

Um framkvæmd fjarfunda að öðru leyti gildir auglýsing um leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, og eftir atvikum sérstakar reglur sveitarfélagsins um framkvæmd fjarfunda.

15. gr.

Tvær umræður í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn skal hafa tvær umræður, með a.m.k. einnar viku millibili um:

1. Samþykktir og aðrar reglur sem samkvæmt lögum eiga að hljóta staðfestingu ráðherra.
2. Staðfestingu ársreiknings.
3. Stefnumarkandi áætlanir sem gilda eiga til lengri tíma og taka til sveitarfélagsins í heild eða meiri hluta þess.
4. Tillögu um sameiningu við annað sveitarfélag skv. 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga.

Þá skal bæjarstjórn hafa tvær umræður, með a.m.k. tveggja vikna millibili, um fjárhagsáætlanir sveitarfélagsins skv. 62. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði þetta gildir þó ekki um samþykkt viðauka við fjárhagsáætlanir.

16. gr.

Fundarstjórn og ritun fundargerða.

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Sé mál ekki afgreitt samhljóða skal greina í fundargerð hvernig atkvæði hafa skipst. Þegar lagðar eru fram fundargerðir nefnda nægir að skrá í fundargerð bæjarstjórnar um hvaða nefndir er að ræða og málsnúmer fundarins.

Um ritun fundargerða bæjarstjórnar skal að öðru leyti farið eftir leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, samanber auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, eða síðari leiðbeiningum sem settar hafa verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

Meginreglur fundarskapa skulu vera eftirfarandi:

- a. *Fundarstjórn.* Forseti bæjarstjórnar stjórnar umræðum á fundum bæjarstjórnar. Hann setur fund, kannar lögmati hans, stjórnar umræðum og afgreiðslu mála og slítur fundi þegar dagskrá hans er tæmd. Hann sér um að fundargerðir séu færðar og að allar tillögur og ályktanir séu rétt og nákvæmlega bókaðar, svo og hverja afgreiðslu þær hljóta. Forseti bæjarstjórnar sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundum bæjarstjórnar. Hann úrskurðar um skilning á fundarsköpum samkvæmt samþykkt þessari en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarstjórnar.

- b. *Vald forseta bæjarstjórnar.* Skytt er bæjarstjórnarmanni að lúta valdi forseta í hvívetna varðandi það að gætt sé góðrar reglu. Ef bæjarstjórnarmaður ber aðra menn brigslum eða víkur verulega frá umræðuefninu skal forseti bæjarstjórnar víta hann. Ef bæjarstjórnarmaður er víttur tvisvar á sama fundi getur forseti bæjarstjórnar lagt til við bæjarstjórn að hann verði sviptur málfrelsi það sem eftir er fundar. Skal sú tillaga afgreidd umræðulaust. Ef bæjarstjórnarmaður hlýðnast ekki úrskurði forseta bæjarstjórnar eða almenn óregla kemur upp á fundi skal forseti bæjarstjórnar gera hlé um stundarsakir eða ef nauðsyn krefur fresta eða slíta fundi. Ef áheyrandi á bæjarstjórnarfundi raskar fundarfriði getur forseti bæjarstjórnar vísað honum úr fundarsal. Leyfi forseta þarf til að taka myndir í fundarsal bæjarstjórnar.
- c. *Afgreiðsla mála.* Mál skulu tekin til umræðu og afgreidd í þeirri röð sem dagskrá kveður á um nema bæjarstjórn eða forseti bæjarstjórnar ákveði að önnur röð skuli höfð. Forseti bæjarstjórnar getur ákveðið að tiltekið mál í fundargerð sem er á dagskrá verði gert að sérstökum dagskrárlíð á fundinum. Heimilt er að taka mál á dagskrá þótt ekki sé þess getið í fundarboði, enda samþykki 2/3 viðstaddra bæjarstjórnarmanna þau afbrigði.
- d. *Málfrelsi bæjarstjóra.* Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar með málfrelsi og tillögurétt en hann hefur ekki atkvæðisrétt nema hann sé kjörinn í bæjarstjórn.
- e. *Málfrelsi.* Bæjarstjórnarmaður hefur málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar. Bæjarstjórnarmaður sem taka vill til máls skal óska heimildar forseta bæjarstjórnar. Að jafnaði skulu menn taka til máls í þeirri röð sem þeir hafa kvatt sér hljóðs. Heimilt er að víkja frá þessu ef um er að ræða bæjarstjóra eða framsögumann svo og bæjarstjórnarmann sem gera vill stutta athugasemd, bera af sér ámæli eða veita andsvar. Ef tveir eða fleiri kveða sér samtímis hljóðs ákveður forseti bæjarstjórnar í hvaða röð þeir tala. Bæjarstjórnarmaður skal flytja mál sitt úr ræðustól nema forseti bæjarstjórnar leyfi annað.
- f. *Ávarp ræðumanns.* Bæjarstjórnarmaður skal beina máli sínu til forseta bæjarstjórnar. Bæjarstjórnarmaður skal ávarpa einstaka bæjarstjórnarmenn með fullu nafni. Þegar til umræðu er fundargerð skal ræðumaður taka fram hvaða líð í fundargerð hann óskar að ræða. Ekki má lesa upp prentað mál nema forseti bæjarstjórnar leyfi.
- g. *Hve oft má tala.* Bæjarstjórnarmaður má tala tvisvar við hverja umræðu máls. Heimilt er þó bæjarstjórnarmanni að taka oftari til máls, til að bera af sér ámæli eða til að gera stutta athugasemd um fundarstjórn forseta bæjarstjórnar. Bæjarstjóri, flutningsmaður tillögu eða framsögumaður (talsmaður flutningsmanna) mega þó tala oftari en tvisvar við hverja umræðu máls. Bæjarstjóri hefur óbundið málfrelsi.
- h. *Ræðutími.* Telji bæjarstjórnarmaður umræður dragast úr hófi fram getur hann lagt fram dagskrártillögu um að ræðutími hvers bæjarstjórnarmanns verði takmarkaður, umræðum verði lokið á tilteknum tíma eða að umræðum um mál verði lokið þá þegar. Bæjarstjórn afgreiðir tillögur um takmörkun umræðna umræðulaust. Ekki má þó takmarka umræðu um mál meira en svo að hún standi skemur en í tvær klukkustundir ef einhver bæjarstjórnarmaður kveður sér hljóðs.
- i. *Tillögur og afgreiðsla.* Bæjarstjórnarmaður getur borið fram tillögur er varða hvert það mál sem til umræðu er á fundi. Slíkar tillögur skulu að jafnaði vera skriflegar. Forseti bæjarstjórnar ákveður í hvaða röð og með hvaða hætti slíkar tillögur eru teknar til afgreiðslu í samræmi við almennar reglur um fundarsköp. Forseti bæjarstjórnar sker úr því hvernig atkvæðagreiðslum um tillögur skuli hagað.
- j. *Réttur til bókunar.* Þeir sem hafa rétt til að taka þátt í umræðum í bæjarstjórn eiga rétt á að fá bókaðar í fundargerð stuttar athugasemdir um afstöðu til þeirra mála sem til umræðu eru. Ekki skal færa í fundargerð greinargerðir, fyrirspurnir sem gert er ráð fyrir að svarað verði á öðrum vettvangi en í bæjarstjórn eða hvers konar skriflegan málflytning um afstöðu bæjarfulltrúa til máls sem til meðferðar er.
- k. *Atkvæðagreiðsla.* Atkvæðagreiðsla á bæjarstjórnarfundi fer að jafnaði fram með handauppréttingu. Bæjarstjórnarmaður greiðir atkvæði úr sæti sínu. Forseti bæjarstjórnar biður þá bæjarstjórnarmenn sem samþykkja mál að rétta upp hönd sína. Að því búnu leitar forseti bæjarstjórnar mótatkvæða með sama hætti. Loks skýrir forseti bæjarstjórnar frá úrslitum atkvæðagreiðslunnar. Ef mál er svo vaxið að forseti bæjarstjórnar telur ástæðulaust að

atkvæðagreiðsla fari fram um það skýrir hann frá því að hann telji mál samþykkt eða fellt án atkvæðagreiðslu nema athugasemd verði við það gerð. Forseti bæjarstjórnar getur ákveðið að mál verði afgreitt með nafnakalli. Einnig ber forseti bæjarstjórnar að láta fara fram nafnakall ef a.m.k. þriðjungur fulltrúa óskar þess. Við nafnakall skal farið eftir tölusettri nafnaskrá bæjarstjórnarmanna í stafrófsröð og skal það ráðast af útdrætti hvaða bæjarstjórnarmaður greiðir fyrst atkvæði við nafnakall. Við nafnakall skal forseti bæjarstjórnar greiða atkvæði síðastur. Við nafnakall svarar bæjarstjórnarmaður, þegar forseti bæjarstjórnar les upp nafn hans, já eða nei eftir því hvort hann er með máli eða á móti eða tekur fram að hann greiði ekki atkvæði, en slík afstaða telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Heimilt er að afgreiða mál með skriflegri atkvæðagreiðslu ef bæjarstjórnarmaður óskar og bæjarstjórn samþykkir.

1. *Kosningar.* Kosningar sem fara fram í bæjarstjórn, skv. 43. gr. sveitarstjórnarlaga, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar, sé þess óskað. Þegar um meirihlutakosningu er að ræða, svo sem við kjör eins fulltrúa úr hópi tveggja eða fleiri, skal kosning fara fram eins og við kjör forseta bæjarstjórnar. Kosningar skulu ávallt vera skriflegar og leynilegar. Bæjarstjórn ber að hafa í huga ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga varðandi kynjahlutfall.

17. gr.

Hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála.

Um hæfi bæjarstjórnarmanna, nefndarfulltrúa og starfsmanna sveitarfélagsins til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á, eða til greina kemur, að taka stjórnvaldsákvörðun skv. 2. mgr. 1. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, gilda ákvæði stjórnsýslulaga sé ekki öðruvísi ákveðið í sveitarstjórnarlögum. Viðkomandi telst þó aðeins vanhæfur sé hann eða hafi verið maki aðila, skyldur eða mægður aðila í beinan legg eða að einum lið til hliðar eða tengdur aðila með sama hætti vegna ættleiðingar. Þá verður starfsmaður sveitarfélagsins ekki vanhæfur vegna vanhæfis yfirmanns ef eðli máls eða uppbygging stjórnkerfis sveitarfélagsins þykir ekki gefa tilefni til slíks.

Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarstjórnarmanni, nefndarfulltrúa eða starfsmanni sveitarfélagsins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd sveitarfélagsins.

Að öðru leyti vísast til 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

18. gr.

Varamenn í bæjarstjórn.

Varamenn taka sæti í bæjarstjórn í þeirri röð sem þeir eru kosnir. Þar sem bæjarstjórn hefur verið kjörin í bundinni hlutfallskosningu taka varamenn sæti í þeirri röð sem þeir eru kosnir þegar aðalmenn þess lista sem þeir eru kosnir af forfallast. Ef framboðslisti er borinn fram af tveimur eða fleiri stjórnmalaflokkum eða samtökum geta aðalmenn listans komið sér saman um mismunandi röð varamanna eftir því hver aðalmanna hefur forfallast. Yfirlýsingu um slíkt samkomulag skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundum eftir að nefndakosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils.

IV. KAFLI

Réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna.

19. gr.

Skyldur bæjarstjórnarmanna.

Bæjarstjórnarmanni ber skylda til að taka þátt í öllum bæjarstjórnarfundum og fundum í nefndum og ráðum sem hann hefur verið kjörinn til nema lögmæt forföll hamli.

Aðal- og varamönnum í bæjarstjórn er skylt að taka kjöri í nefnd, ráð eða stjórn á vegum sveitarfélagsins, sem og til annarra trúnaðarstarfa á vegum sveitarfélagsins. Sá sem verið hefur forseti bæjarstjórnar heilt kjörtímabil eða lengur eða gegnt ákveðnu starfi innan bæjarstjórnar jafnlangan tíma eða lengur getur skorast undan kosningu til þess starfs jafnlangan tíma og hann hefur haft starfið með höndum. Ósk um undanþágu skal sett fram áður en kjör í viðkomandi nefnd eða trúnaðarstarf fer fram.

Hverjum bæjarstjórnarmanni er skylt að inna af hendi störf sem bæjarstjórn felur honum og varða verkefni bæjarstjórnarinnar.

Bæjarstjórnarmenn skulu gæta trúnaðar um það sem þeir verða áskynja í starfi sínu og leynt á að fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

20. gr.

Réttur bæjarstjórnarmanna.

Bæjarstjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum. Þeir eru einungis bundnir af lögum og eigin sannfæringu um afstöðu til einstakra mála.

Bæjarstjórnarmaður á rétt á að tekið verði á dagskrá bæjarstjórnarfundar hvert það málefni sem sérstaklega varðar hagsmuni sveitarfélagsins eða verkefni þess.

Mál sem ekki er tilgreint á boðaðri dagskrá bæjarstjórnarfundar verður þó ekki tekið til afgreiðslu á viðkomandi fundi án samþykkis 2/3 hluta fundarmanna.

Bæjarstjórnarmenn hafa málfrelsi á fundum bæjarstjórnar eftir því sem nánar er ákveðið í fundarsköpum bæjarstjórnar. Þeir hafa tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum bæjarstjórnar.

Vilji bæjarstjórnarmaður ekki una úrskurði forseta bæjarstjórnar um stjórn fundar og fundarsköp getur hann skotið úrskurðinum til bæjarstjórnar sem sker úr án umræðna.

21. gr.

Aðgangur að gögnum.

Vegna starfa sinna í bæjarstjórn á sérhver bæjarstjórnarmaður rétt á að kynna sér gögn og upplýsingar sem fyrir liggja í stjórnarsýslu sveitarfélagsins og varða málefni sem komið geta til umfjöllunar í bæjarstjórn.

Bæjarstjórnarmaður skal eiga eðlilegan aðgang að skrifstofu og stofnunum sveitarfélagsins í þeim tilgangi að kynna sér starfsemi sveitarfélagsins og rekstur. Óski bæjarfulltrúi gagna eða upplýsinga um stöðu mála skal hann beina erindi til bæjarstjóra, sem hefur milligöngu um að veita viðkomandi upplýsingar og afrit af gögnum að því marki sem lög leyfa.

Séu gögn viðamikil eða undanþegin upplýsingarétti almennings er heimilt að ákveða að afhending gagna fari fram á bæjarskrifstofu í tiltekinn tíma, og að gögn verði ekki afhent utan bæjarskrifstofu.

Ef beiðni bæjarstjórnarmanns varðar viðkvæma persónulega hagi einstaklings sem ekki er til umfjöllunar í bæjarstjórn, er heimilt að neita um afhendingu gagna og upplýsinga.

22. gr.

Siðareglur og góðir starfshættir.

Bæjarstjórnarmaður skal í störfum sínum fara eftir þeim siðareglum sem bæjarstjórn setur sér, sbr. 29. gr. sveitarstjórnarlaga.

23. gr.

Lausn frá störfum.

Telji bæjarstjórnarmaður sig ekki geta gegnt skyldum í bæjarstjórn án óhæfilegs álags, getur hann óskað eftir því við bæjarstjórn að hún:

1. létti af honum störfum eða
2. veiti honum lausn úr bæjarstjórn um tiltekinn fyrir fram ákveðinn tíma eða til loka kjörtímabils.

Þegar bæjarstjórnarmaður flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má bæjarstjórn ákveða, að ósk hans, að hann skuli víkja úr bæjarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í sveitarfélaginu. Slík ákvörðun skal tekin áður en bæjarstjórnarmaður flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir bæjarstjórnarmaður kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi og getur ekki tekið aftur sæti í sveitarstjórn á kjörtímabilinu taki hann aftur búsetu í sveitarfélaginu.

Missi bæjarstjórnarmaður kjörgengi skal hann víkja úr bæjarstjórn. Ef bæjarstjórnarmaður missir fjárforræði skal bæjarstjórn veita honum lausn frá störfum þann tíma er sviptingin gildir.

24. gr.

Boðun varamanna.

Þegar aðalmaður er vanhæfur til meðferðar máls í bæjarstjórn skal boða varamann hans til meðferðar þess og afgreiðslu. Að afgreiðslu máls lokinni tekur aðalmaður sæti sitt á viðkomandi fundi á ný. Verði innköllun varamanns ekki við komið getur vanhæfur bæjarstjórnarmaður krafist þess að umræðu og afgreiðslu máls verði frestað til næsta fundar. Frestun nær þó ekki fram að ganga ef 2/3 hlutar viðstaddra bæjarstjórnarmanna greiða atkvæði gegn frestun eða ef frestun hefur í för með sér að gengið sé gegn lögbundnum afgreiðslutíma máls.

Þegar aðalmaður getur ekki mætt til fundar eða þarf að víkja af fundi af heilsufarsástæðum eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum tekur varamaður hans sæti í bæjarstjórn á þeim fundi. Aðalmaður skal tilkynna forföll til fundarboðanda skv. samþykkt þessari, eins fljótt og auðið er og óska eftir því að varamaður verði boðaður. Forföll samkvæmt þessari málsgrein taka ávallt til viðkomandi fundar í heild, eða til loka fundar sé um það að ræða.

Þegar fyrir sé að aðalmaður í bæjarstjórn verður frá störfum vegna atvika sem greinir í 2. mgr. í a.m.k. einn mánuð skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórninni frá og með næsta fundi, enda séu þá ástæður forfalla enn til staðar. Þegar forföllum lýkur tekur aðalmaður sæti sitt að nýju frá og með næsta fundi.

Þegar aðalmaður fellur frá, missir kjörgengi eða fær lausn frá starfi í bæjarstjórn skal varamaður hans taka sæti í bæjarstjórn frá og með næsta fundi.

25. gr.

Þóknun o.fl.

Bæjarstjórnarmaður skal fá hæfilega þóknun úr bæjarsjóði fyrir störf sín í bæjarstjórn. Ef um langan veg er að fara milli heimilis bæjarstjórnarmanns og fundarstaðar bæjarstjórnar skal bæjarstjórnarmaður fá hæfilega greiðslu vegna ferðakostnaðar. Takist bæjarstjórnarmaður á hendur ferð á vegum sveitarfélagsins samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnarinnar á hann rétt á greiðslu hæfilegs ferða- og dvalarkostnaðar.

Bæjarstjórn setur nánari reglur um greiðslur skv. 1. mgr.

Bæjarstjórnarmaður má ekki afsala sér greiðslum sem honum eru ákveðnar á grundvelli þessarar greinar.

26. gr.

Réttindi og skyldur varamanna.

Ákvæði þessa kafla, um réttindi og skyldur bæjarstjórnarmanna, eiga einnig við um varamenn þegar þeir taka sæti í bæjarstjórn.

V. KAFLI

Bæjarráð.

27. gr.

Kosning bæjarráðs.

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá bæjarstjórnarmenn og jafnmarga varamenn í bæjarráð til eins árs. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Aðal- og varamenn af sama framboðslista og hinn kjörni bæjarráðsmaður skulu vera varamenn hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar.

Bæjarstjórn kýs formann og varaformann bæjarráðs úr hópi kjörinna bæjarráðsmanna.

Bæjarráð getur ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs.

Kosning í bæjarráð skal vera leynileg og bundin hlutfallskosning sé þess óskað.

28. gr.

Fundartími bæjarráðs.

Bæjarráð skal að minnsta kosti halda einn fund í hverjum mánuði og skulu fundir almennt haldnir á fimmtudögum eða eftir samþykktri fundaáætlun.

Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

29. gr.

Boðun funda bæjarráðs.

Bæjarstjóri undirbýr bæjarráðsfundi í samráði við formann bæjarráðs.

Bæjarstjóri sér um að bæjarráð sé boðað til fundar með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Geti bæjarráðsmaður ekki sótt fund skal hann tilkynna bæjarstjóra um forföll og óska eftir því að varamaður verði boðaður.

30. gr.

Stjórnun bæjarráðs.

Formaður bæjarráðs stjórnar fundum þess og sér um að allt fari löglega og skipulega fram á fundunum. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar bæjarráðsins. Formaður bæjarráðs getur falið bæjarstjóra eða öðrum bæjarráðsmönnum fundarstjórn.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarráðsmanna óskar þess.

31. gr.

Áheyrnarfulltrúar í bæjarráði.

Framboðsaðili sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki í bæjarráði má tilnefna bæjarfulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Framboðsaðila sem á áheyrnarfulltrúa í bæjarráði er heimilt að tilnefna varamann í forföllum aðalmanns. Áheyrnarfulltrúi í bæjarráði skal vera aðalmaður í bæjarstjórn. Aðal- og varamenn af sama framboðslista og áheyrnarfulltrúinn skulu vera varaáheyrnarfulltrúar hans í þeirri röð sem þeir skipuðu listann þegar kosið var til bæjarstjórnar.

32. gr.

Verkefni bæjarráðs.

Bæjarráð fer ásamt bæjarstjóra með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þessi mál eru ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semur drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggur þau fyrir bæjarstjórn.

Bæjarráð gerir tillögu um skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar sveitarfélagsins séu samdir reglum samkvæmt og lagðir fyrir bæjarstjórn til meðferðar og afgreiðslu.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar semur kjörskrá vegna kosninga, fjallar um athugasemdir, gerir nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurðar um ágreiningsmál sem upp kunna að koma fram að kjördegi.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráð fjallar um fundargerðir nefnda, ráða og stjórna á vegum sveitarfélagsins áður en þær eru lagðar fyrir bæjarstjórn, sbr. 38. gr.

33. gr.

Heimild bæjarráðs til fullnaðarákvörðunar.

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu og ákvörðun rúmast innan fjárhagsáætlunar til eins árs og áætlunar til fjögurra ára, eigi hún við. Undir þessa heimild falla styrkveitingar innan ramma fjárhagsáætlunar bæjarins til einstaklinga, félagsamtaka eða annarra lögaðila og eru í samræmi við reglur sem bæjarstjórn hefur sett.

Bæjarráði er heimilt að fullnaðarafgreiða umsagnir vegna umsókna um rekstrarleyfi á grundvelli ákvæða laga um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007, og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra laga.

Bæjarráð tekur fullnaðarákvarðanir um heimild byggingarfulltrúa til veitinga stöðuleyfa fyrir götu- og torgsölu utan þeirra svæða sem sérstaklega er gerð grein fyrir slíkri landnotkun í skipulags-áætlun sveitarfélagsins.

Bæjarráð tekur fullnaðarákvarðanir um að grenndarkynna tillögur að óverulegum breytingum á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og byggingar- eða framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmd sem er í samræmi við landnotkun, byggðamynstur og þéttleika byggðar í þegar byggðu hverfi og deiliskipulag liggur ekki fyrir skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bærarstjóra um slíka afgreiðslu.

Bæjarráð veitir umsagnir um þingmál samkvæmt beiðni Alþingis, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bærarstjóra um slíka afgreiðslu.

Bæjarráð tekur fullnaðarákvarðanir um úthlutanir lóða fyrir íbúðar- og atvinnuhúsnæði á grundvelli reglna sem bærarstjórn hefur sett.

Þá getur bærarstjórn falið bæjarráði fullnaðarafgreiðslu annarra mála sem eigi varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli mæli sérstaklega gegn því.

Bæjarráði er heimil fullnaðarafgreiðsla mála, þegar bærarstjórn er í sumarleyfi, sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóds eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bærarstjóra um slíka afgreiðslu.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið á grundvelli þessarar greinar sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem bæjarráð hefur afgreitt samkvæmt þessari grein skal leggja það fyrir bærarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

VI. KAFLI

Fastanefndir, ráð og stjórnir aðrar en bæjarráð.

34. gr.

Kosning í fastanefndir og kjörtímabil.

Bærarstjórn kýs fulltrúa í nefndir eftir því sem fyrir er mælt í lögum og samþykkt þessari. Slíkar nefndir teljast fastanefndir bærarstjórnar.

Kjörtímabil fastanefnda er hið sama og bærarstjórnar, nema annað leiði af lögum eða samþykkt þessari.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum halda fastanefndir þó umboði sínu þar til nýkjörin bærarstjórn hefur kjörið nýja nefnd í þeirra stað en með sömu takmörkunum valdheimilda og fyrri bærarstjórn sætir að afloknum kosningum, sbr. 12. gr. og 2. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga.

35. gr.

Kosning og kjörgengi.

Kosningar í fastanefndir bærarstjórnar, nefndir fyrir hluta sveitarfélagsins, nefndir til að fara með einstök verkefni eða málaflokka og aðrar nefndir og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að, skulu vera leynilegar og bundnar hlutfallskosningar ef þess er óskað. Framkvæmd kosninga skal þá vera í samræmi við ákvæði 44. og 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Ef ekki er kosið hlutfallskosningu til nefndar, sbr. 1. mgr. 43. gr., sveitarstjórnarlaga, skal bærarstjórn gæta þess að fullnægja kröfum um kynjahlutfall skv. 2. tölul. 44. gr. laganna við skipun í viðkomandi nefnd.

Þeir einir eru kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir sem hafa kosningarrétt í sveitarfélaginu, nema annað leiði af lögum, sbr. m.a. 2. mgr. 39. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kosning í dreifbýlisráð fer eftir ákvæðum í 36. gr. samþykktarinnar.

Starfsmenn fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins eru ekki kjörgengir í nefndir, ráð og stjórnir þeirra fyrirtækja eða stofnana sem þeir starfa hjá. Bærarstjórn getur þó ákveðið að víkja frá þessu ef málefni vinnuveitanda eru óverulegur þáttur í starfi viðkomandi nefndar og starfið er ekki þess eðlis að hætta sé á hagsmunaárekstrum vegna nefndarsetu.

36. gr.

Kosning og kjörgengi í dreifbýlisráð.

Kjósa skal í dreifbýlisráð sem fer með afmörkuð málefni og málaflokka í hluta sveitarfélagsins skv. 38. gr. sveitarstjórnarlaga.

Valdmörk dreifbýlisráðs miðast við sveitarfélagamörk Helgafellssveitar eins og þeim er lýst í sveitarfélagakorti Landmælinga Íslands frá 2014 og búsetu í Ögri.

Dreifbýlisráð skal skipað þremur fulltrúum.

Einn fulltrúi og annar til vara eru kjörnir af bæjarstjórn og skulu þeir vera aðalfulltrúar í bæjarstjórn. Kjör þeirra skal fara fram á sama fundi og bæjarstjórn kýs fulltrúa í fastanefndir og ráð skv. 48. gr. samþykktarinnar. Bæjarstjórn kýs formann úr hópi aðalmanna í dreifbýlisráði á þeim sama fundi.

Tveir fulltrúar og tveir til vara skulu kosnir beinni kosningu. Framkvæmd kosningarinnar er þannig að hver kjósandi kýs tvo aðalmenn og tvo varamenn í dreifbýlisráð. Kjósandi skrifar á kjörseðil fullt nafn og heimilisfang þeirra sem hann kýs. Þeir tveir einstaklingar sem fá flest atkvæði eru kjörnir aðalmenn og varamenn þar á eftir í samræmi við fjölda atkvæða. Fáir fulltrúar jafnmörg atkvæði skal varpa hlutkesti. Kosningarnar skulu fara fram samhliða sveitarstjórnarkosningum.

Kosningarrétt og kjörgengi í kosningum til dreifbýlisráðs hafa íbúar viðkomandi hluta sveitarfélagsins í samræmi við þá afmörkun sem lýst er í 2. mgr., samkvæmt kjörskrá.

Undirbúningur og framkvæmd kosninga til dreifbýlisráðs skal taka mið af ákvæðum kosningalaga eftir því sem við getur átt, og eftirfarandi ákvæðum:

1. Gerð skal sérstök kjörskrá vegna kosninga til dreifbýlisráðs, byggð á kjörskrárstofni sveitarfélagsins. Um breytingar skulu gilda sambærilegar reglur og almennt um kjörskrár.
2. Yfirkjörstjórn annast undirbúning kosninga til dreifbýlisráðs, s.s. varðandi gerð kjörgagna og annað skipulag. Sérstakar gerðabækur skulu haldnar vegna framkvæmdar kosninga í dreifbýlisráð.
3. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar skal fara fram vegna dreifbýlisráðs.
4. Á kjörfundi skulu vera sérstakir atkvæðakassar vegna kosninga í dreifbýlisráð.
5. Atkvædatafning skal fara fram á vegum yfirkjörstjórnar. Úrslit kosninga skulu kynnt þegar þau liggja fyrir. Yfirkjörstjórn skal tilkynna aðalmönnum og varamönnum um kosningu þeirra.

Ákvæði 44. gr. samþykktarinnar um áheyrnarfulltrúa á ekki við þar sem meirihluti fulltrúa í heimastjórn er kjörinn af íbúum viðkomandi hluta sveitarfélagsins.

37. gr.

Valdsvið nefnda og framsal bæjarstjórnar til fastanefnda á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála.

Bæjarstjórn getur heimilað kjörnum nefndum sem taldar eru upp í 48. gr. samþykktar þessarar fullnaðarafgreiðslu mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs ef lög eða eðli máls mæla ekki sérstaklega gegn, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga.

Heimildir fastanefnda til fullnaðarafgreiðslu mála eru háðar því að samþykktir þeirra sem hafa í för með sér útgjöld séu innan heimilda í fjárhagsáætlun fyrir viðkomandi málaflokk.

Fullnaðarárvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem afgreitt hefur verið sbr. 1. mgr. skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

Sé nefnd ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða samþykkt þessari, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa staðfestingu bæjarstjórnar.

Þriðjungur fulltrúa í nefnd, ráði eða stjórn sem hefur fengið framselt vald til að fullnaðarafgreiðslu máls, sbr. 1. mgr., getur farið fram á að bæjarstjórn, bæjarráð eða viðkomandi nefnd skv. samþykktum þessum, taki ákvörðun í máli.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gætt að ákvæðum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

38. gr.

Afgreiðsla á fundargerðum.

Fundargerðir nefnda, ráða og stjórna bæjarins, annarra en bæjarráðs, skulu teknar á dagskrá bæjarráðs og skal það gert svo fljótt sem unnt er að afloknum nefndarfundi. Ef fundargerðir innihalda ekki ályktanir eða tillögur sem þarfnast sérstakrar staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar eru fundargerðirnar lagðar fram til kynningar. Ef ályktanir eða tillögur þarfnast staðfestingar bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar ber að taka þær fyrir sem sérstakt mál og afgreiða með formlegum hætti. Hafi ályktun nefndar, ráðs eða stjórnar í för með sér fjárútlát umfram áður veittar heimildir skal ályktunin ætíð lögð fyrir bæjarráð og/eða bæjarstjórn.

39. gr.

Fundir nefnda og ályktunarhæfi.

Fundir nefnda skulu almennt haldnir fyrir luktum dyrum. Nefnd er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki. Ósk um opinn fund skal beina til formanns nefndar sem sker úr um hvort mál á dagskrá fundar heimila opinn fund.

Um fundi nefnda, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

40. gr.

Fundarstjórn og fundargerðir.

Formaður nefndar stýrir fundum. Ákvæði III. kafla samþykktar þessarar gilda um meðferð mála í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins eftir því sem við á.

Nefndir, ráð og stjórnir sveitarfélagsins skulu almennt halda gerðabækur en að öðrum kosti skulu fundarmenn staðfesta fundargerðir með undirritun. Nefnd getur ráðið sér sérstakan fundarritara utan nefndar ef fjárheimildir leyfa. Um ritun fundargerða, nefnda, ráða og stjórna gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. samþykktar þessarar.

41. gr.

Varamenn.

Varamenn taka sæti í nefndum í þeirri röð sem þeir eru kosnir.

Þegar kosið er til nefndar hlutbundinni listakosningu eða listi hefur verið sjálfkjörinn og aðalmaður í nefnd er forfallaður taka varamenn þess lista sem aðalmaður er kjörinn af sæti í nefnd í þeirri röð sem þeir skipa listann eftir að endurröðun á hann hefur farið fram skv. 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga.

Hafi tveir eða fleiri flokkar eða framboðsaðilar haft samstarf um nefndarkosningar skal sá sem tilnefndi viðkomandi nefndarmann einnig tilnefna varamann hans sé eigi öðruvísi ákveðið í yfirlýsingu skv. 2. og 3. mgr. 21. gr. sveitastjórnarlaga. Sé enginn úr hópi varamanna viðkomandi lista í sama flokki eða tilheyri sama framboðslista og aðalmaður tilheyrði þegar kosning í nefnd fór fram taka varamenn af listanum sæti eftir venjulegum reglum.

Yfirlýsingu um samkomulag skv. 3. mgr. skal leggja fram á fyrsta bæjarstjórnarfundi eftir að nefndarkosning fór fram og gildir hún til loka kjörtímabils eða þar til kjörið er í nefnd að nýju.

42. gr.

Boðun varamanna.

Um boðun varamanna á nefndarfundi gilda ákvæði 24. gr. samþykktar þessarar eftir því sem við á.

Þegar aðalmaður í nefnd fellur frá, missir kjörgengi, fær lausn frá nefndarstarfi eða forfallast varanlega frá því að sitja í nefnd tekur varamaður hans sæti í nefndinni nema bæjarstjórn ákveði að kjósa aðalmann að nýju, ella skipar bæjarstjórn nýjan varamann til setu í nefndinni.

Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar um varamenn taka einnig til varaáheyrnarfulltrúa eftir því sem við getur átt.

43. gr.

Lausn frá nefndarsetu og endurskipun.

Fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins, sem ekki eru aðal- eða varamenn í bæjarstjórn, er heimilt að segja af sér nefndastörfum hvenær sem er á kjörtímabili. Aðrir fulltrúar geta óskað eftir því við bæjarstjórn að þeim verði veitt lausn tímabundið eða út kjörtímabilið og metur hún þá hvort skilyrði til þess séu fyrir hendi.

Bæjarstjórn getur hvenær sem er á kjörtímabili ákveðið að skipta um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sem hún kýs eða skipar ef ekki er um það ágreiningur innan bæjarstjórnar eða málefna- legar ástæður mæla með slíkri breytingu, svo sem ef nefndarmaður, án lögmætra forfalla, mætir ekki á fundi nefndar eða brýtur gegn þagnarskyldu. Enn fremur getur bæjarstjórnarmaður krafist þess að nefnd verði endurskipuð telji hann ástæðu til. Bæjarstjórn er þó heimilt að hafna slíkri beiðni ef hún er bersýnilega tilefnislaus að því tilskildu að 2/3 fundarmanna greiði atkvæði með tillögu um höfnun. Við framangreindar breytingar á skipan fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélagsins skal kjósa alla fulltrúa að nýju og fer þá um kjör þeirra skv. 1. mgr. 43. gr. sveitarstjórnarlaga nema enginn ágreiningur sé innan bæjarstjórnar um breytingarnar.

Breytingar á nefndaskipan samkvæmt þessari grein skulu fullnægja skilyrðum 2. tölul. 44. gr. og 4. tölul. 1. mgr. 45. gr. sveitarstjórnarlaga um kynjahlutföll.

44. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

Fyrir framboðslista sem á fulltrúa í bæjarstjórn en ekki í fastanefnd má tilnefna áheyrnarfulltrúa með setu í fastanefnd með málfrelsi og tillögurétt. Fyrir framboðslista sem eiga áheyrnarfulltrúa í fastanefnd er heimilt að tilnefna varamann í forföllum aðalmanns sbr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um áheyrnarfulltrúa á fundum nefnda gilda sömu þagnarskylduákvæði laga og eiga við um aðra nefndarmenn. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi skulu fullnægja kjörgengisskilyrðum í viðkomandi nefnd.

45. gr.

Þóknun.

Bæjarstjórn er skylt að ákveða kjörnum fulltrúum í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins hæfilega þóknun fyrir þau störf, samkvæmt mati bæjarstjórnar, í samræmi við reglur sem hún setur. Bæjarstjórn er með sama hætti heimilt að ákveða að greiða áheyrnarfulltrúum þóknun fyrir störf þeirra í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins.

46. gr.

Önnur réttindi og skyldur.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar.

Ákvæði III. og IV. kafla samþykktar þessarar gilda að öðru leyti um fulltrúa í nefndum, ráðum og stjórnnum sveitarfélaga eftir því sem við á. Réttindi takmarkast þó eftir eðli máls við það sem fulltrúum er þörf á vegna starfa í viðkomandi nefnd.

47. gr.

Aðrar nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í nefndir, ráð og stjórnir sem sveitarfélagið á aðild að samkvæmt viðkomandi lögum eða samþykktum. Ákvæði þessa kafla samþykktarinnar eiga við um slíka fulltrúa eftir því sem við getur átt.

Að því leyti sem nefnd, ráð eða stjórn lögaðila, sem bæjarstjórn kýs fulltrúa til skv. 1. mgr., fer með framkvæmd eða ábyrgð á verkefni sem sveitarfélagi væri ekki sjálfu heimilt að sinna, þá er fulltrúi sveitarfélagsins í viðkomandi nefnd, ráði eða stjórn ekki bundinn af fyrirmælum bæjarstjórnarinnar

um þau störf. Hið sama á við að því leyti sem það leiðir af lögum sem gilda um rekstur og starfsemi viðkomandi lögaðila.

48. gr.

Fastanefndir, aðrar nefndir, stjórnir og ráð sem sveitarfélagið á aðild að.

Bæjarstjórn kýs, skipar eða tilnefnir, eftir því sem við á, fulltrúa í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. Til eins árs. Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð.* Bæjarstjórn kýs þrjú bæjarfulltrúa og þrjú til vara í bæjarráð skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 26. gr. samþykktar þessarar. Eingöngu bæjarfulltrúar eru kjörgengir í bæjarráð sem aðalmenn og varamenn sbr. 36. gr. sveitarstjórnarlaga. Auk þeirra fulltrúa sem ná kjöri eiga þeir listar sem ekki fá kjörinn fulltrúa í bæjarráð rétt á að tilnefna einn bæjarfulltrúa hver sem áheymnarfulltrúa og skal hann hafa málfrelsi og tillögurétt.
2. *Ungmennaráð.* Ráðið er skipað sjö fulltrúum á aldrinum 14-24 ára og þremur til vara að fengnum tillögum frá nemendafélagi Grunnskólans í Stykkishólmi, nemendafélagi Fjölbrautaskóla Snæfellinga, Ungmennafélaginu Snæfelli og æskulýðs- og íþróttanefnd, sbr. erindisbréf ungmennaráðs. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins án tilnefningar. Ráðið fer með æskulýðsstarf samkvæmt 11. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007. Ráðið starfar samkvæmt erindisbréfi.

B. Nefndir til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Atvinnu- og nýsköpunarnefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með atvinnu- og byggðamál. Nefndin starfar samkvæmt erindisbréfi.
2. *Safna- og menningarmálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með málefni safna sem rekin eru á vegum sveitarfélagsins og önnur menningarmál. Þá fer nefndin auk þess með málefni Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi skv. 8. gr. bókasafnalaga nr. 150/2012. Nefndin starfar samkvæmt erindisbréfi.
3. *Skipulagsnefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Auk þess fer nefndin með umferðarmál samkvæmt lögum nr. 77/2019. Nefndin starfar samkvæmt erindisbréfi.
4. *Skóla- og fræðslunefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008. Nefndin fer með málefni leikskóla og grunnskóla í Stykkishólmi. Nefndin fer einnig með málefni tónlistarskóla Stykkishólms skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 og málefni heilsdagsskóla. Nefndin starfar samkvæmt erindisbréfi.
5. *Umhverfis- og náttúruverndarnefnd.* Bæjarstjórn kýs þrjú fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með náttúruverndarmál skv. 14. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Nefndin starfar samkvæmt erindisbréfi.
6. *Velferðar- og jafnréttismálanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með jafnréttismál skv. lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Nefndin fer einnig með málefni fatlaðs fólks skv. lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og með málefni er heyra undir lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Nefndin starfar samkvæmt erindisbréfi.
7. *Æskulýðs- og íþróttanefnd.* Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara. Nefndin fer með íþróttá- og æskulýðsmál. Nefndin starfar samkvæmt erindisbréfi.
8. *Dreifbýliráð.* Dreifbýliráð er skipað skv. 36. gr. samþykktarinnar. Helstu verkefni ráðsins er heimild til að vísa málum á dagskrá bæjarstjórnarfundar, veita umsagnir um málefni dreifbýlisins, gera tillögur um breytingar á aðalskipulagi og varðandi landskipti, sameiningu jarða og umsóknir um lögbýlirétt. Ráðið situr í stjórn félagsheimilisins Skjaldar fyrir hönd sveitarfélagsins og stuðlar að menningarstarfi í húsinu, fær til umsagnar fjárhagsáætlun áður en hún er tekin til umræðu í bæjarstjórn og er málsvari íbúa dreifbýlisins gagnvart bæjarstjórn. Komi til frekari viðræðna um sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög skal fulltrúi dreifbýlisins eiga sæti í samstarfsnefnd.

9. *Landbúnaðarnefnd*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 38/2013, lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt nr. 791/2012. Nefndin er fjallskilastjórn sveitarfélagsins, hefur umsjón með refa- og minkaeyðingu skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, nýtingu jarðnæðis, sbr. jarðalög nr. 81/2004 sem og öðrum þeim lögum og reglugerðum sem kunna að varða störf nefndarinnar hverju sinni.
10. *Óldungaráð*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa í ráðið og jafnmarga til vara skv. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 með hliðsjón af 8. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999. Ráðið starfar samkvæmt erindisbréfi.

C. Stjórnir til fjögurra ára.

1. *Hafnarstjórn*. Bæjarstjórn kýs fimm fulltrúa og jafnmarga til vara skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003. Stjórnin fer með málefni Stykkishólshafna. Stjórnin starfar samkvæmt erindisbréfi.
2. *Kjörstjórn*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara skv. kosningalögum nr. 112/2021 og sér um framkvæmd kosninga. Kjörstjórn kýs sér formann og ritara úr sínum hópi. Kjörstjórn er í störfum sínum óháð ákvörðunarvaldi sveitarstjórnar.
3. *Stjórn lista- og menningarsjóds*. Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa auk forseta bæjarstjórnar sem er formaður stjórnar samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins. Stjórnin starfar samkvæmt reglum um lista- og menningarsjóð sveitarfélagsins.
4. *Stjórn Dvalarheimilis aldraðra í Stykkishólmi*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara. Stjórnin starfar samkvæmt erindisbréfi.

D. Fulltrúar í aðrar stjórnir, ráð og nefndir. Um kjörtímabil fer eftir samþykktum viðkomandi verkefna.

1. *Félags- og skólaþjónusta Snæfellinga (FSS)*.
 - a. Bæjarstjórn tilnefnir einn fulltrúa og annan til vara í stjórn byggðasamlags um rekstur Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
 - b. Bæjarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara í félagsmálanefnd FSS.
2. *Fulltrúaráð Byggðasamlags Snæfellinga bs*. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn skipa fulltrúaráð Byggðasamlags Snæfellinga bs.
3. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands*. Ári eftir reglulegar sveitarstjórnarkosningar skal bæjarstjórn tilnefna einn aðalmann og annan til vara í fulltrúaráð skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
4. *Fulltrúaráð Svæðisgarðs Snæfellsness*. Bæjarstjórn tilnefnir tvo fulltrúa í fulltrúaráð Svæðisgarðsins og jafnmarga til vara.
5. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Bæjarstjórn kýs fulltrúa á landsþing samkvæmt lögum sambandsins.
6. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi*. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafnmarga til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samkvæmt lögum samtakanna.
7. *Stjórn Jeratúns ehf.* Bæjarstjórn tilnefnir einn fulltrúa í stjórn Jeratúns ehf. skv. samþykktum félagsins.
8. *Stjórn Náttúrustofu Vesturlands*. Bæjarstjórn skipar, samkvæmt 12. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992, með síðari breytingum, nr. 169/1998 og nr. 92/2002, þrjá fulltrúa í stjórn, skal einn þeirra vera formaður, og jafnmarga til vara.
9. *Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Snæfellsnesi*. Bæjarstjórn skipar tvo fulltrúa í nefndina og jafnmarga til vara.

E. Verkefnabundnar nefndir.

Bæjarstjórn getur kosið nefndir til að vinna að einstökum afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar og fyrr ef verkefni nefndar er lokið. Bæjarstjórn getur einnig afturkallað umboð slíkra nefnda hvenær sem er.

VII. KAFLI

Bæjarstjóri og aðrir starfsmenn.

49. gr.

Ráðning bæjarstjóra.

Bæjarstjórn ræður bæjarstjóra til þess að annast framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og verkefni sveitarfélagsins. Bæjarstjórn skal gera skriflegan ráðningarsamning við bæjarstjóra þar sem starfskjör hans eru ákveðin. Ráðningartími bæjarstjóra skal að jafnaði vera sá sami og kjörtímabil bæjarstjórnar.

50. gr.

Hlutverk bæjarstjóra.

Bæjarstjóri er æðsti yfirmaður annars starfsliðs sveitarfélagsins. Hann skal sjá um að stjórnsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri skal sitja fundi bæjarstjórnar. Þar hefur hann málfrelsi, tillögurétt og rétt til bókana en ekki atkvæðisrétt nema hann sé jafnframt kjörinn fulltrúi í bæjarstjórninni. Hann hefur jafnframt rétt til setu á fundum nefnda og ráða sem bæjarstjórn skipar.

Bæjarstjóri skal sjá um að fundir bæjarstjórnar, bæjarráðs og annarra nefnda bæjarstjórnar séu vel undirbúnir, m.a. í þeim tilgangi að mál sem þar eru afgreidd séu vel upplýst. Hann sér einnig um að ákvarðanir þær sem teknar eru af hálfu bæjarstjórnar og annarra nefnda komist til framkvæmda, hafi bæjarstjórn ekki falið það öðrum.

Bæjarstjóri er prókúruhafi sveitarfélagsins. Honum er heimilt að veita öðrum starfsmanni sveitarfélagsins prókúru að fengnu samþykki bæjarstjórnar. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjóri undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna sveitarfélagsins, lántökur og ábyrgðir, svo og önnur skjöl sem fela í sér skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnar þarf til.

51. gr.

Ráðning í æðstu stjórnunarstöður.

Bæjarstjórn ræður starfsmenn í æðstu stjórnunarstöður hjá sveitarfélaginu og veitir þeim lausn frá starfi. Skilgreining á hvaða störf falla undir æðstu stjórnunarstöður er í verklagsreglum um ráðningarmál og skipuriti sveitarfélagsins sem bæjarstjórn samþykkir.

52. gr.

Um ráðningu annarra starfsmanna.

Bæjarstjóri ræður aðra fasta starfsmenn en þá sem greinir í 50. gr., nema á annan veg kunni að vera mælt í lögum, reglugerðum eða reglum sem bæjarstjórn hefur sett. Í þeim tilvikum sem bæjarstjóri er vanhæfur til ákvarðana um ráðningu er honum heimilt að vísa ráðningunni til bæjarráðs. Ef stofnuð er ný staða (fast starf) skal bæjarstjórn ákveða hvort um það fer skv. 50. eða 51. gr. þessarar samþykktar.

Bæjarstjóri ræður lausráðna starfsmenn eða felur öðrum starfsmönnum umboð til ráðningar slíkra starfsmanna eftir því sem við á hverju sinni.

Heimilt er bæjarstjóra að fela skólastjórum, forstöðumönnum stofnana bæjarins, slökkviliðsstjóra eða öðrum þeim sem gegnir sambærilegu starfi og forstöðumenn umboð til ráðningar fastra og lausráðinna starfsmanna í viðkomandi stofnun eftir því sem við á.

53. gr.

Framsal bæjarstjórnar og nefnda til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Um hlutverk og valdsvið nefnda, ráða og stjórna á vegum bæjarins og aðkomu starfsmanna að starfi þeirra, fer eftir því sem ákveðið er í lögum, reglugerðum, viðaukum eða erindisbréfum nefnda og reglum sem bæjarstjórn setur.

Bæjarstjórn er heimilt að fela nefndum og embættismönnum fullnaðarafgreiðslu mála á sama hátt og með sömu skilyrðum og nefnd eru í 37. gr. samþykktar þessarar. Skal kveðið á um slíkar heimildir í samþykkt um stjórn og fundarsköp eða í sérstökum viðauka með samþykkt þessari.

Bæjarstjórn skal setja skýrar reglur um afgreiðslu embættismanna en viðkomandi fagnefndir hafa eftirlit með þeim og kalla reglulega eftir skýringum og upplýsingum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli þeirra.

Embættismanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. 2. mgr. til viðkomandi fagnefndar til fullnaðarafgreiðslu.

Að uppgefnum skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint til bæjarráðs.

54. gr.

Málum sem fengið hafa fullnaðarafgreiðslu nefnda eða embættismanna er heimilt að vísa til bæjarstjórnar.

Mál sem embættismanni er heimilt að afgreiða eða sem hefur fengið afgreiðslu í nefnd getur komið til ákvörðunar bæjarstjórnar með tvennum hætti:

Nefnd er skylt að vísa afgreiðslu máls til bæjarstjórnar ef a.m.k. þriðjungur atkvæðisbærra fundarmanna óskar eftir því með bókun á nefndarfundi.

Bæjarfulltrúi getur með formlegri og rökstuddri tillögu óskað þess að ákvörðun nefndar skv. 36. gr. eða embættismanns skv. 52. gr. verði tekin á dagskrá bæjarstjórnar.

55. gr.

Endurupptaka mála.

Aðili máls á rétt á að mál hans sé tekið til meðferðar á ný eftir fullnaðarafgreiðslu þess hjá bæjarstjórn, nefnd eða embættismanni ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik eða ef íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin.

Beiðni um endurupptöku máls skal beina til bæjarráðs og verður að jafnaði að koma fram áður en þrjár mánuðir eru liðnir frá því að málsaðila er tilkynnt um afgreiðslu.

Ef endurupptökuskilyrði eru fyrir hendi tekur bæjarráð ákvörðun um málsmeðferð.

56. gr.

Þagnarskylda starfsmanna.

Starfsmenn sveitarfélagsins og aðrir sem sveitarfélagið ræður til vinnu við ákveðin verkefni eru bundnir þagnarskylda um atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt eiga að fara samkvæmt lögum, fyrirætlum yfirboðara eða eðli máls. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.

57. gr.

Um starfskjör og réttindi starfsmanna.

Um starfskjör, réttindi og skyldur starfsmanna sveitarfélagsins fer eftir ákvæðum kjarasamninga hverju sinni og ákvæðum ráðningarsamninga.

VIII. KAFLI

Fjármál sveitarfélagsins.

58. gr.

Fjárstjórnarvald bæjarstjórnar.

Einvörðungu bæjarstjórn getur tekið ákvarðanir um málefni sem varða verulega fjármál sveitarfélagsins. Til slíkra málefna teljast m.a. ákvarðanir um eftirtalin atriði séu ekki gerðar beinar undantekningar þar á með lögum:

1. staðfestingu ársreiknings,
2. fjárhagsáætlun næstkomandi árs,
3. fjárhagsáætlun til fjögurra ára,
4. viðauka við fjárhagsáætlanir skv. 2. og 3. tölul.,
5. lán, ábyrgðir eða aðrar fjárhagslegar skuldbindingar sveitarfélagsins,
6. sölu eigna sveitarfélagsins og annarra réttinda þess,

7. álagningu skatta og gjalda,
8. ráðningu eða uppsögn endurskoðanda.

59. gr.

Afgreiðsla og form fjárhagsáætlunar.

Bæjarstjórn skal á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Bæjarráð, leggur samkvæmt 1. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga og 32. gr. samþykktar þessarar, tillögu um fjárhagsáætlun fyrir bæjarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert. Bæjarstjórn skal fjalla um hana á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu bæjarstjórnar skal afgreiða tillöguna, þó ekki síðar en 15. desember ár hvert.

Fjárhagsáætlanir skulu gefa glögga mynd af áætluðum rekstri sveitarfélagsins, efnahag og breytingum á handbæru fé. Einnig skal þar koma fram greinargott yfirlit um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjárheimildir sveitarfélagsins. Við gerð fjárhagsáætlana skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu bæjarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins við upphaf áætlunartímabilsins.

Bæjarstjórn skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála fjárhagsáætlun innan fimmtán daga frá afgreiðslu hennar, sbr. 1. mgr. 76. gr. sveitarstjórnarlaga. Sama á við um viðauka við fjárhagsáætlun.

60. gr.

Bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins.

Ákvörðun sem bæjarstjórn tekur skv. 59. gr. samþykktar þessarar og 62. gr. sveitarstjórnarlaga um fjárhagsáætlun næstkomandi árs er bindandi regla um allar fjárhagslegar ráðstafanir af hálfu sveitarfélagsins. Aðrir geta þó ekki byggt sjálfstæðan rétt til fjárframlaga eða annarrar fyrirgreiðslu sveitarfélagsins á fjárhagsáætlunum.

Óheimilt er að víkja frá fjárhagsáætlun skv. 1. mgr. nema bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka við áætlunina. Á þetta við um hvers kyns ákvarðanir, samninga eða aðrar fjárhagslegar ráðstafanir sem hafa í för með sér breytingar á tekjum, útgjöldum, skuldbindingum eða tilfærslur milli liða í fjárhagsáætlun í þegar samþykktri áætlun. Viðauki er ekki gildur nema hann feli einnig í sér útfærða ákvörðun um það hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Á það einnig við þótt heildarútgjöld eða heildartekjur breytist ekki vegna samþykktar hans.

Þrátt fyrir 2. mgr. má í undantekningartilvikum gera þær ráðstafanir sem skylt er samkvæmt lögum eða öðrum bindandi réttarreglum án þess að bæjarstjórn hafi áður samþykkt viðauka, enda þoli þær ekki bið. Viðhlítandi heimildar bæjarstjórnar skal þá afla svo fljótt sem auðið er. Skal erindi um slíka heimild lagt fyrir þegar á næsta fundi bæjarstjórnarinnar.

61. gr.

Fjármálareglur og viðmið um afkomu sveitarfélagsins.

Bæjarstjórn ber að sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum, sbr. 64. gr. sveitarstjórnarlaga og reglur sem settar eru á grundvelli ákvæðisins.

62. gr.

Ábyrg meðferð fjármuna og heimildir til fjárskuldbindinga.

Bæjarstjórn skal gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti, svo sem á innlánsreikningum fjármálastofnana eða með því að kaupa ríkistryggð verðbréf. Um heimildir til fjárfestinga í hagnaðarskyni fer skv. ákvæðum 65. gr. sveitarstjórnarlaga.

Áður en bæjarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins, sbr. ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga.

Um heimildir sveitarfélagsins til veðsetninga og að gangast í ábyrgðir fer skv. 68. og 69. gr. sveitarstjórnarlaga.

63. gr.

Ársreikningur.

Gera skal ársreikning fyrir sveitarsjóð, stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki þess. Jafnframt skal gera samstæðureikning fyrir sveitarfélagið, þ.e. bæjarsjóð, stofnanir hans og fyrirtæki með sjálfstætt reikningshald, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga. Ársreikningur skal gerður samkvæmt lögum um ársreikninga, reglum settum samkvæmt þeim lögum og sveitarstjórnarlögum, sem og góðri reikningskilavenu.

Ársreikningur sveitarfélagsins skal fullgerður og samþykktur af bæjarráði og tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í bæjarstjórn fyrir 15. apríl ár hvert.

Bæjarstjórn skal hafa lokið staðfestingu ársreiknings sveitarfélagsins, stofnana og fyrirtækja þess eigi síðar en 15. maí ár hvert.

Ársreikning sveitarfélagsins, ásamt skýrslu endurskoðanda, skal senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála og Hagstofu Íslands ekki síðar en 20. maí ár hvert.

64. gr.

Endurskoðun ársreikninga.

Bæjarstjórn ræður löggiltan endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem annast skal endurskoðun ársreikninga hjá sveitarfélaginu. Endurskoðun fer eftir lögum um endurskoðendur, lögum um ársreikninga og alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum, sem og fyrirmælum 72. og 73. gr. sveitarstjórnarlaga.

IX. KAFLI

Samvinna við önnur sveitarfélög og samningar um starfrækslu verkefna.

65. gr.

Samvinna sveitarfélaga.

Bæjarstjórn er heimilt að eiga samstarf um starfrækslu verkefna við annað eða önnur sveitarfélög og framselja vald til töku ákvarðana um rétt og skyldu manna ef skilyrði 93. gr. sveitarstjórnarlaga eru uppfyllt. Fer um slíkt samstarf skv. IX. kafla sveitarstjórnarlaga og sérlögum sem við eiga.

66. gr.

Samningar við einkaaðila.

Bæjarstjórn er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd á þjónustu og öðrum verkefnum fyrir sveitarfélagið, enda sé áætlað fyrir viðkomandi verkefni í fjárhagsáætlunum sveitarfélagsins, sbr. 100. gr. sveitarstjórnarlaga. Ákvæði stjórnsýslulaga og upplýsingalaga, sem og almennar reglur stjórnsýsluréttar, gilda um þá stjórnsýslu sem verktaki tekur að sér að annast.

X. KAFLI

Samráð við íbúa – Þátttökulýðræði.

67. gr.

Almenn atkvæðagreiðsla að frumkvæði íbúa.

Ef 25% þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu óska almennrar atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. sveitarstjórnarlaga skal bæjarstjórn verða við því eigi síðar en innan árs frá því að slík ósk berst.

Um framkvæmd undirskriftasöfnunar, hlutverk sveitarstjórnar og framkvæmd almennrar atkvæðagreiðslu fer skv. 107. og 108. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

68. gr.

Borgarafundur, íbúafundur, íbúakosningar o.fl.

Um samráð við íbúa, þ.m.t. borgarafundi, íbúafundir og íbúakosningar, gilda ákvæði X. kafla sveitarstjórnarlaga, ef frá er talið lágmark þeirra sem kosningarrétt eiga í sveitarfélaginu og óska almennrar atkvæðagreiðslu, sbr. 63. gr.

69. gr.

Viðaukar um fullnaðarafgreiðslur.

Samþykkt þessari fylgja viðaukar um fullnaðarafgreiðslu í samræmi við heimildir 37. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

70. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafells-sveitar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innviðar á döguneytinu, 27. september 2022.

F. h. r.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

Hafdís Gísladóttir.

VIÐAUKAR

**við samþykkt um stjórn sameinaðs sveitarfélags
Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar um fullnaðarafgreiðslu starfsmanna.**

Með vísan til 69. gr. samþykktar um stjórn sameinaðs sveitarfélags Stykkishólmsbæjar og Helgafellssveitar eru settir eftirfarandi viðaukar:

VIÐAUKI I

Embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn afgreiðir án staðfestingar skipulagsnefndar og bæjarstjórnar mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefndar, sbr. heimild í 53. gr. samþykktar þessarar og 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

2. gr.

Um afgreiðslu byggingarleyfa gilda ákvæði III. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010. Byggingarfulltrúa er því heimilt, sbr. 1. gr., að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 13. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 2.4.4. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa skv. 1. mgr. skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum byggingarfulltrúa og skulu haldnar fundargerðir yfir afgreiðslur hans með sama hætti og gildir um fastanefndir sveitarfélagsins.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar og bæjarstjórnar.

4. gr.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu skipulagsnefndar og/eða bæjarstjórnar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu byggingarfulltrúa skal hann vísa málinu til afgreiðslu skipulagsnefndar.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykktar og reglna bæjarstjórnar er til þeirra taka.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu byggingarfulltrúa skv. 2. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku erindis í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulagsnefnd taka erindið upp að nýju.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt hans til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011, þ. á m. um kærufrest.

VIÐAUKI II

Embættisafgreiðslur bæjarritara.

1. gr.

Bæjarritari afgreiðir umsóknir um styrki til greiðslu fasteignaskatts af húsnæði sem ekki er nýtt í ágóðaskyni, svo sem vegna menningar-, íþróttar-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi eða vinnu að mannúðarstörfum skv. reglum sveitarfélagsins þar um sem samþykktar voru í bæjarstjórn Stykkis-hólmsbæjar 22. júní 2017.

2. gr.

Framangreindar afgreiðslur bæjarritara skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi bæjarráðs.

3. gr.

Bæjarritari getur ávallt vísað máli skv. 1. gr. til afgreiðslu bæjarráðs og/eða bæjarstjórnar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu bæjarritara skal hann vísa málinu til afgreiðslu bæjarráðs.

4. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu bæjarritara skv. 1. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku erindis í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal bæjarráð taka erindið upp að nýju.

VIÐAUKI III

Embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa.

1. gr.

Skipulagsfulltrúi, eða aðrir þeir sem hafa réttindi til að sinna skyldum skipulagsfulltrúa, skv. 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hefur umsjón með ýmsum skipulagsverkefnum í samræmi við ákvæði skipulagslaga, reglugerða og fyrirmæli bæjarstjórnar. Skipulagsfulltrúi situr jafnframt fundi skipulagsnefndar og nýtur þar málfrelsis og tillöguréttar.

2. gr.

Skipulagsfulltrúi afgreiðir eftirtalin verkefni skipulagslaga nr. 123/2010, án staðfestingar bæjarstjórnar, sem eru á verkefnasviði skipulagsnefndar, sbr. 2. mgr. 6. gr. skipulagslaga, og skilgreind eru sem verkefni sveitarstjórna í lögunum, sbr. 2. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 53. gr. samþykktar þessarar:

- a. Framlengir frest til að gera athugasemdir við auglýstar eða grenndarkynntar tillögur.

- b. Gefur út framkvæmdaleyfi skv. 13. gr. skipulagslaga fyrir framkvæmdir sem eru í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.
- c. Leitar eftir umsögnum viðeigandi umsagnaraðila áður en tekin er afstaða til útgáfu framkvæmdaleyfis, sbr. 5. mgr. 13. gr. skipulagslaga.
- d. Afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi til Skipulagsstofnunar skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga hafi engar athugasemdir borist við grenndarkynningu.
- e. Afgreiðir tillögu um óverulega breytingu á deiliskipulagi vegna grenndarkynningar til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga.
- f. Stöðvar framkvæmd sem er hafin án þess að framkvæmdaleyfi sé fengið fyrir henni, framkvæmdaleyfi brýtur í bága við skipulag, það hefur fallið úr gildi eða framkvæmd er í ósamræmi við útgefið framkvæmdaleyfi eða skilyrði þess. Einnig getur skipulagsfulltrúi krafist þess að hin ólöglega framkvæmd verði fjarlægð, jarðrask afmáð eða starfsemi hætt. Sinni framkvæmdaaðili ekki þeirri kröfu er heimilt að framkvæma slíkar aðgerðir á hans kostnað, sbr. 53. gr. skipulagslaga.
- g. Leggur dagsektir á framkvæmdaleyfishafa með þriggja mánaða fyrirvara hafi framkvæmdaleyfisskyld framkvæmd stöðvast í tvö ár, sbr. 3. mgr. 15. gr. skipulagslaga.
- h. Beitir dagsektum til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um samkvæmt skipulagslögum eða láta af atferli sem er ólögmaett, sbr. 1. mgr. 54. gr. skipulagslaga.
- i. Framsendir, vísar frá eða synjar erindum sem beint er til skipulagsnefndar og/eða bæjarstjórnar og eru bersýnilega í ósamræmi við skipulagsáætlanir.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur skipulagsfulltrúa skulu kynntar á næsta reglulega fundi skipulagsnefndar sem og bæjarráðs.

4. gr.

Skipulagsfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til skipulagsnefndar sem gerir tillögu til bæjarráðs sem tekur ákvörðun um fullnaðarafgreiðslu málsins. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu skipulagsfulltrúa skal skipulagsfulltrúi vísa málinu til afgreiðslu skipulagsnefndar sem leggur það fyrir til fullnaðarafgreiðslu bæjarráðs.

5. gr.

Um afgreiðslu skipulagsfulltrúa gilda, eftir því sem við á, ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, ákvæði reglugerða settra á grundvelli laganna og samþykktir sveitarfélagsins ef við á.

6. gr.

Við birtingu ákvörðunar skal kynnt að um fullnaðarafgreiðslu sé að ræða á grundvelli heimildar í 42. gr. sveitarstjórnarlaga og samþykktar þessarar. Að öðru leyti skal gæta að ákvæðum 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu skipulagsfulltrúa skv. 2. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku erindis í bæjarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Endurupptaka er að jafnaði heimil innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Telji bæjarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal skipulagsnefnd taka erindið upp að nýju og gera tillögu til bæjarráðs sem tekur ákvörðun um fullnaðarafgreiðslu málsins.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt hans til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011, þ. á m. um kærufrest.